

Fæðingarorlof
07989

Ársreikningur 2025

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Fæðingarorlof (07989) er ríkisaðili í A1-hluta ríkissjóðs.

Á árinu 2025 var ársvelta 28.145,4 milljónir og afkoma kr. -41,2 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 2.334,4 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 3.109,1 milljónir.

Starfsemin á árinu 2025 byggir á heimildum í fjárlögum og fjárukalögum fyrir árið 2025. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 5.

Það er álit mitt að ársreikningur 2025 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál. Einnig staðfesti ég að eftirfarandi sé samkvæmt minni bestu vitund og þekkingu.

Innleitt hefur verið innra eftirlit varðandi vinnslu fjárhagsupplýsinga og meðferð fjármuna í þeim tilgangi að koma í veg fyrir og uppgötva svik og skekkjur og að ekki hafa komið upp atvik sem benda til þess að innra eftirlit sé ekki að virka sem skyldi.

Öll viðskipti á reikningsárinu sem tilheyra starfsemi ársins hafa verið færð í bókhald. Þau eru í samræmi við viðtekna viðskiptavenju og ekki hefur verið um neina óeðlilega verðlagningu að ræða.

Að útgjöld og aðrar fjármálalegar ráðstafanir hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga eða annarra laga sem gilda um reksturinn. Aðgreining kostnaðar milli málefnaviða/málaflokka er rétt.

Veittar hafa verið fullnægjandi upplýsingar um tengda aðila og viðskipti við þá í samræmi við lög um ársreikninga/settar reikningskilareglur.

Allar eignir koma fram í efnahagsreikningi og fullnægjandi eignarheimildir eru fyrir öllum eignum sem fram koma í efnahagsreikningi og eignaskrá. Upplýsingar hafa verið veittar um allar kvaðir eða veðsetningar sem hvíla á eignum.

Áætlun um notkunartíma varanlegra rekstrarfjármuna hefur verið yfirfarin og er í samræmi við áform um notkun og við teljum lokavirði, eins og það kemur fram í eignaskrá, raunhæft.

Þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar við reikningshaldslegt mat á viðskiptakröfum, birgðum og öðrum eignaliðum eru viðeigandi og að kröfur muni innheimtast í samræmi við matið.

Upplýsingar hafa verið veittar um allar skuldir í árslok, bæði áföllnum og skilyrtum, þar á meðal ábyrgðum sem við höfum veitt vegna þriðja aðila, skuldbindandi samningum, skaðabótakröfum, málaferli, skattaskuldir og aðrar skuldir sem geta haft veruleg áhrif á mat á fjárhagsstöðuna. Þær koma fram í ríkisreikningi og séryfirlitum með ríkisreikningi eftir því sem við á.

Veittar hafa verið upplýsingar um atburði eftir reikningskiladag sem áhrif geta haft á mat á fjárhagsstöðuna í lok árs.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikninginn fyrir árið 2025 með rafrænni undirritun sinni.

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2025

	2025	2024
Tekjur		
Tekjufærsla fjárveitinga	28.145.400.000	25.013.800.000
Framlög og ýmsar tekjur	12.077.959	13.971.242
Tekjur samtals	<u>28.157.477.959</u>	<u>25.027.771.242</u>
Gjöld		
Framlög og tilfærslur	28.197.839.270	24.975.033.958
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	0	0
Annar rekstrarkostnaður	827.610	156.090.295
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	0	(16.313)
Gjöld samtals	<u>28.198.666.880</u>	<u>25.131.107.940</u>
Afkoma ársins	<u>(41.188.921)</u>	<u>(103.336.698)</u>
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum		
Rekstur	11.250.349	16.897.260
Rekstrartilfærslur	(52.439.270)	(120.233.958)
Fjármagnstilfærslur	0	0
	<u>(41.188.921)</u>	<u>(103.336.698)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	31.12.2025	31.12.2024
Eignir		
Handbært fé	429.870.494	(549.855.145)
Skammtímakröfur, kröfur við tengda aðila og fyrirframgreiddur kostnaður	2.478.333.485	2.472.515.393
Staða við ríkisjóð	200.933.318	1.047.596.620
Eignir samtals	<u>3.109.137.297</u>	<u>2.970.256.868</u>
Skuldir		
Staða við ríkisjóð	0	0
Ýmsar skammtímaskuldir (fyrirframgreiddur kostnaður) og skuldir við tengda aðila	774.785.531	698.052.879
Skuldir samtals	<u>774.785.531</u>	<u>698.052.879</u>
Eignir samtals að frádragnum skuldum samtals	2.334.351.766	2.272.203.989
Eigið fé		
Hrein eign	2.334.351.766	2.272.203.989
Eigið fé samtals	<u>2.334.351.766</u>	<u>2.272.203.989</u>
Eigið fé og skuldir samtals	<u>3.109.137.297</u>	<u>2.970.256.868</u>

Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Fjárveiting til fjárfestinga	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2025.....	0	26.445.400.000		0	0 26.445.400.000
Fjáraukalög og aðrar breytingar ársins	0	1.700.000.000		0	0 1.700.000.000
Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu	0	28.145.400.000		0	0 28.145.400.000
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum	11.250.349	(28.197.839.270)		0	0 (28.186.588.921)
Staða fjárveitinga í lok árs 2025.....	11.250.349	(52.439.270)		0	0 (41.188.921)

Starfsþáttayfirlit um afkomu ársins 2025

	Foreldrar utan vinnumarkaðar	Fæðingarorlofsjóður	Umsýslukostnaður Vinnumálastofnuna r
Viðfang	113	111	101
Málefnasvið - málaflokkur	2920	2920	2920
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	882.400.000	27.263.000.000	
Framlög og ýmsar tekjur	0	12.077.959	
Tekjur samtals	882.400.000	27.275.077.959	
Gjöld			
Framlög og tilfærslur	616.485.832	27.581.353.438	
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	0	0	
Annar rekstrarkostnaður, vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	0	827.610	
Gjöld samtals	616.485.832	27.582.181.048	
Afkoma ársins	265.914.168	(307.103.089)	

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum.

Innlausn tekna

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.